# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 4


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fátækranefndarfundur 25. febr. 1904.

1, Bjarna Jónssyni, Laugaveg 27, veittur styrkur.
2, Ásbirni Sveinssyni Laugaveg 73 veittur styrkur
3, Jóni Björnssyni, Hverfisgötu, veittur styrkur
4, Sigurði Sigurðssyni, Laufásveg 3, veittur styrkur
5, Ábyrgð tekin á legukostnaði Unnar Ingibergsdóttur
konu Magnúsar Jónssonar, Lindargötu 2B.
6, Ranveigu Gissurardóttur biður um styrk. –
7, Guðm. Guðmundsson, Ánanaustum
8, Ábyrgð tekin fyrir Þórð Þórðarson. –
9, — — — Guðrúnu Magnúsdóttur. –
10, Sigurlínu Vigfúsdóttur, veittur styrkur. –

Jnr. frá 29–33

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Copi

№ ....................

*Eg undirskrifaður lofa og undirgengst, þá krafist verður, að greiða í peningum kostnað allan við legu sjúklingsins*

Guðrúnar Magnúsdóttur *frá* Laugaveg 43

*á „Sct. Josefs Hospital" í Reykjavík, svo og útfararkostnað, ef þess þarf með.*

*Reykjavík,* 10. *dag* febr. 1909

Páll Einarsson

f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur

| | Kr. | aur. |
|---|---|---|
| *Innl.* .................... *farinn* .................... | | |
| *Legudagar* .................... *á* . . . . | | |
| *Aukavökunætur* . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| *Umbúðir* . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| *Útfararkostnaður* . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| *Alls kr.* | | |

*Reykjavík,* ............... *dag* ....................

..................................................

*p. t. umsjónarmaður.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 17 febr. 1909

Herr borgarstjóri
í Reykjavík

Jeg leifi mjer að biðja þína háttvirtu fátækra stjórn í Reykjavík að hjálpa mjer um styrk til að lifa, því jeg er lin með 2 börn, og get eg varist fyrir að í húsi mínu er engin matbjörg utan 3 saltfisk bitar, sem eru í pottinum og á engann eyrir að kaupa fyrir
Jeg treysti því að þjer heyrið þessa mína bón.
Virðingarfyllst
Sigurbjörg Vigfúsdóttir

J. Rvk.
3/3
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess fyrirvinna mín og faðir 6 barna okkar, Ólafur Bjarnason, hefir síðastliðið ár verið svo veikur af brjóstveiki, að hann alls ekkert gat unnið heimili okkar til gagns, og síðan um nestliðið nýár hefir hann legið algjörlega rúmfastur, svo jeg verð, eptir læknisskipun, daglega að kaupa handa honum nýmjólk, að því leyti sem mjer er mögulegt, auk læknismeðala sem hann daglega á að hafa, þá er mjer ómögulegt að geta komist af með að framfleyta heimili mínu (8 manns) fyrir þann fátækrastyrk, sem jeg hingaðtil hefi fengið af fátækrasjóði, og neyðist því til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að hækka þennan styrk, framvegis frá byrjun næsta mánaðar, mánaðalega upp í 45 krónur, því með minni styrk get jeg ekki komist af neyðarlítið með mitt þunga heimili.

Bergstaðastræti (Blöndalshús) í Reykjavík, 25. febr. 1909.

Auðmjúklegast.

Sigríður Þorláksdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

F. Rvk. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur, að hún annizt um að jeg megi taka til mín barnið Ingibjörgu Vilborgu, sem jeg hefi átt með stúlkunni Pálínu J. Páls-dóttur, og sem nú er á 3. ári, og ala það upp á minn eigin kostnað án nokkurs meðlags frá móðurinnar eða fátækrastjórnarinnar hálfu, jafnframt og jeg að sjálfsögðu skuldbind mig til að veita þessu barni mínu forsvaranlegt og sómasamlegt uppeldi.

Njálsgötu 48 í Reykjavík, 25. febrúar 1909.

Virðingarfyllst.

Benjamín Einarsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

f. Rvk. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til.

Fátækranefndar Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer að fara þess á leit, við hina háttvirtu nefnd, hvort hún vilji leigja mjer kálgarða á Litlabæarblett í Skuggahverfi til afnóta næstkomandi Sumar ef hún ekki ráðstafar honum uppá annan máta.

Rannveig Gissursdóttir
Lindargötu 40. 22/2 1909.

Til

Fátækrnefndar Reykjavíkur

f. Rvk. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að eg er nú orðin svo veisöl
að eg get ekki haft fyrir lífi mínu svo það
sje neyðarlaust, og verð að borga Húsaleygu
sem útheymtist í Peningum. Þá vil eg virðing=
arfyllst fara þess á leyt við hina Heyðruðu
Fátækranefnd að mjer mætti veytast styrkur
af Fátækrasjóði sem vera mætti 5 krónum um
mánuðinn. Eg vona að hin Heyðraða nefnd veyti
mjer þessa beiðni mína. Því þörf mín er fremur
mikil

Virðingarfyllst

Hverfisgötu 28 24 Februar 1909

Guðrún Þórðardóttir

Til Fátækranefndar Reykjavíkur

29. Okt. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Unnur Ingibergsdóttir hefur tauga-veiki og þarf að komast á spítala.

Rvík 18/2 09

Guðm. Hannesson

Kona Magnúsar Jónssonar, Lindargötu 2 B. —
Ábyrgð tekin 19/2 1909 —

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/2

Jón Björnsson biður um sveitarstyrk
sveitlægur í Glæsibæjarhreppi (?)

hefur áður fengið styrk. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**G. BJÖRNSSON**

landlæknir.

Viðtalstími firir sjúklinga: 10–11 árd.
Einnig heima virka daga: 7–8 síðd.

Talsími: 18.

~~Rp.~~ Guðm. Guðmundsson frá Árnanaustum hefir krabbamein í maganum, sem ekki er unt að taka burtu. Hann er orðin svo þjáður að honum verður ekki veitt nægileg hjúkrun og þjáningalinun annarsstaðar en í sjúkrahúsinu. Jeg legg því til að hann fái að vera þar kirr.

Reikjavík 19/2 1909

G. Björnsson

Nr.

Ábyrgð tekin 20/2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inn l. til St. Josephs ~~—~~ hospital

19/1 09

~~fór~~ ~~—~~ kningaðs til

31 dag 1/50 = 46.50

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórðar Þórðarson Vesturg 37. þarf
að komast á spítalann.

Rvík 21/2 1909.

Guðm Hannesson

Ábyrgð 22/2 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G. BJÖRNSSON

landlæknir.

Viðtalstími firir sjúklinga: 10–11 árd.
Einnig heima virka daga: 7–8 síðd.

Talsími: 18.

~~Rp~~

Guðrún Magnúsd.,
Laufásveg 43.,
er veik og þarf
að komast í
sjúkrahúsið.

Reikjavík 16/12 1909

G. Björnsson.

~~№~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Jónsson. Laugaveg 27.
biður um fátækrastyrk. –

Fæddur í Árnessýslu, Hraunhverfi
f. 8. júní 1872. Fluttist þaðan sem
barn. –

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásbjörn Sveinsson, Laugaveg 73

48 ára, fæddur í Holtahreppi í Rangárvalla-sýslu, fluttist þaðan barn að Skálholts-hrauni og var þar á sama 34 ár. Fór þaðan að Holtskeyri og var þar 4 ár og fór þaðan hingað og er búinn að vera hjer 4 ár.

---

Jóhann beykir bæjarmaður. biður um styrk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásbjörn Sveinsson Laugavegi 73.—

fæddur í Rangárvallasýslu, Holtamannahreppi, 48 ára.
Var í 34 ár í Skálmholtshrauni í Villinga-
holtshreppi og flutti þaðan að Stokkseyri,
var þar 4 ár og þaðan flutti hann til
Reykjavíkur og hefur verið hjer 4 ár.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur